



203. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí verður haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSí, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 25. október 2012 kl. 16:00.

Mættir: Ólafur Rafnsson forseti, Lárus Blöndal varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Helga Steinunn Guðmundsdóttir ritari, Friðrik Einarsson, Örn Andrésson, Sigríður Jónsdóttir, Helga H. Magnúsdóttir, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, Gústaf Adolf Hjaltason 1. varamaður, Garðar Svansson 2. varamaður og Gunnlaugur Júlíusson 3. varamaður.

Forföll: Jón Gestur Viggósson og Hafsteinn Pálsson.

Í upphafi fundar var Gísla Halldórssonar Heiðursforseta ÍSí minnst en hann lést 8. október sl. Borist hafa samúðarkveðjur frá fjölmörgum ólympíunefndum víðs vegar úr Evrópu.

1. Ólympísk verkefni

Friðrik Einarsson formaður Afreks – og ólympíusviðs ÍSí fór yfir það helsta varðandi næstu ólympísku verkefni. Fram kom að fundur var haldinn í gær með sérsamböndum sumarólympíuleika og sérsamböndum þeirra greina sem munu taka þátt í Smáþjóðaleikunum í Luxemborg á næsta ári. Farið var yfir undirbúning og þátttöku í Ólympíuleikunum í London í sumar. Á fundinum kom fram almenn ánægja með undirbúning leikanna og árangur keppenda. *EYOWF Brasov 2013*

Búið er að senda inn fyrstu skráningu á leikana, svokallaðan „long list“. Tillaga um fararstjórn verður lögð fram á næsta fundi framkvæmdastjórnar ÍSí.

EYOF Utrecht 2013

Undirbúningur er á áætlun.

Smáþjóðaleikar í Luxemborg 2013

Undirbúningur er á áætlun.

Sochi 2014

Undirbúningur er á áætlun.

Smáþjóðaleikar á Íslandi 2015

Gátlistar eru í vinnslu. Beðið er eftir tilnefningum frá ÍBR, ÍTR og mennta- og menningarmálaráðuneyti í skipulagsnefnd leikanna.

Fyrsti undirbúningsfundur með sérsamböndum er áætlaður í desember nk.

2. Afmæli ÍSí

Örn Andrésson fór yfir það helsta varðandi afmælistengd verkefni.

3. Fjárlög 2013

Farið yfir þá fundi sem haldnir hafa verið með þingmönnum undanfarnar vikur. Rætt um ýmsar leiðir til að koma mikilvægum upplýsingum um starfsemi og verkefni íþróttahreyfingarinnar á framfæri við þingmenn og ráðamenn.

4. Formannafundur ÍSí

Farið yfir undirbúning Formannafundar ÍSí sem haldinn verður í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 23. nóvember nk.

5. Íþróttaping

Dagsetning Íþróttapings ÍSí hefur verið ákveðin 19.-20. apríl 2013. Ákvörðun um þingstað verður tekin síðar.

6. Heiðranir

Tekið fyrir erindi Júdosambands Íslands þar sem lagt er til að Eysteinn Þorvaldsson verði heiðraður með Heiðurskrossi ÍSí. Tillagan samþykkt. Ekki hefur verið ákveðið hvar og hvenær heiðrunin fer fram.

Tekin fyrir tillaga Heiðursráðs ÍSí um að breyta áður samþykktu útliti Ólympíumerkis ÍSí úr formi heiðurspinna yfir í heiðurspening. Tillagan samþykkt.

Tekin fyrir tillaga Heiðursráðs ÍSí um næstu tilnefningar inn í Heiðurshöll ÍSí. Ákvörðun frestað til næsta fundar framkvæmdastjórnar ÍSí. Rætt um fyrirkomulag tilnefninga og tímasetningar.

7. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 202. fundur framkvæmdastjórnar
- 15., 16., 17. og 18. fundur framkvæmdaráðs ÍSí
- Almenningsíþróttasviðs frá 24. september og 15. október 2012
- Afrekssjóðs og Sjóðs ungra og efnilegra frá 18. október 2012
- Verkefnasjóðs frá 25. október 2012
- 6. fundar Íslenskra getrauna
- 583. og 584. fundar Íslenskrar getspár

8. Viðburðir framundan

Farið yfir þá viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

9. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSí

Næsti fundur framkvæmdastjórnar verður 22. nóvember nk. kl.16:00. Dagsetning desemberfundar verður ákveðin á næsta fundi.

10. Önnur mál

Starfsskýrslur 2011

Skrifstofustjóri skýrði frá helstu tölfræðiniðurstöðum úr starfsskýrslum 2011. Tölfræðin verður kynnt á Formannafundi ÍSí í nóvember.

Stofnun sérsambands um akstursíþróttir

Gjaldkeri fór yfir fjárhagsstöðu Akstursíþróttanefndar ÍSí/LÍA en unnið hefur verið að því að ganga frá gömlum skuldum og uppgjöri við FIA. Samþykkt að stefna að því að halda stofnþing sérsambands um akstursíþróttir 12. desember nk. með fyrirvara um samkomulag um fjárhag nefndarinnar og að full sátt sé um stofnun sambandsins hjá þeim aðilum sem koma að nefndinni. Fyrir liggur samþykki Íþróttabings ÍSí fyrir stofnun sérsambands um akstursíþróttir.

Fleira var ekki gert og fundi sliðið.

Halla Kjartansdóttir fundarritari